

Úti- og bæjarhátíðir á Suðurlandi

From Hekla Jóhannsdóttir <hekla.johannsdottir@logreglan.is>

Date Fri 2026-04-24 08:17

To Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>

 1 attachment (710 KB)

Drög að skýrslu úti- og bæjarhátíðir.pdf;

Góðan dag

Á fundi framkvæmdateymis Öruggara Suðurlands þann 4. september 2025 var samþykkt tillaga þess efnis að skipaður yrði sérstakur vinnuhópur um úti- og bæjarhátíðir í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Markmið hópsins var að greina framkvæmd og skipulag hátíða á svæðinu og leggja fram tillögur til að efla öryggi og forvarnir, sérstaklega með börn og ungmenni í huga.

Vinnuhópur Öruggara Suðurlands hefur nú skilað inn drögum að skýrslu sem er hér í viðhengi en í skýrslunni koma fram margar góðar tillögur að úrbótum og má einnig nefna að farið var yfir reynslu annarra sveitarfélaga sem hafa farið í sambærilega greiningarvinnu.

Þinni stofnun er hér með boðið að koma að athugasemdum í formi umsagnar. Þess er óskað að umsögn berist Öruggara Suðurlandi innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Það athugast að skýrsludrögin eru á formi vinnugagns í skilningi 8. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og teljast því undanþegin upplýsingarétti sbr. 5. tl. 6. gr. sömu laga.

Með bestu kveðjum og von um góðar undirtektir,
Hekla og Arndís Soffía.

Hekla Jóhannsdóttir

Tengiliður

Skrifstofa lögreglustjóra

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

hekla.johannsdottir@logreglan.is

